

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Voga, nr. 925/2013, með síðari breytingum.

1. gr.

8. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga heldur reglulega fundi bæjarstjórnar alla jafna síðasta miðvikudag mánaðar, kl. 18.00. Fundarstaður er á bæjarskrifstofum nema annað sé tekið fram í fundarboði.

Bæjarstjórnarfundur er heimilt að halda með rafrænum hætti þannig að hluti bæjarstjórnarmanna eða allir taki þátt með rafrænum hætti.

Aukafundi skal halda þegar forseti eða bæjarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur bæjarstjórnarmanna óskar þess.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi bæjarstjórnar á undan.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga er heimilt að fella niður reglulega fundi bæjarstjórnar vegna sumarleyfis.

2. gr.

14. gr. samþykktarinnar orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Þátttaka í fundi með rafrænum hætti.

Bæjarstjórnarmanni er heimilt að taka þátt með rafrænum hætti í fundum bæjarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins. Þegar bæjarstjórnarmaður tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal hann vera staddur í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innanlands á vegum sveitarfélagsins. Að öðrum kosti skal varamaður boðaður á viðkomandi fund. Tryggja skal jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna.

Fulltrúar í nefndum sveitarfélagsins hafa sömu heimildir og bæjarstjórnarmenn skv. 1. mgr.

Um framkvæmd fjárfunda að öðru leyti gildir auglýsing um leiðbeiningar um fjárfundi sveitarstjórna og leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

3. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 2. maí 2022.

F. h. r.

Guðni Geir Einarsson.

Hafðís Gísladóttir.